

4. fundur stjórnar AP, starfsárið 2009-2010

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 13. nóvember 2009 kl.13:00

Mætt: Birna Björnsdóttir, Gunnólfur Lárusson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Endurskoðun rekstraráætlunar 2009

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir endurskoðaðri rekstraáætlun ársins en skv. henni er gert ráð fyrir að rekstrahalli ársins geti orðið um 2 mkr. en upphafleg rekstraráætlun gerði ráð fyrir rekstrarafgangi að upphæð 2 mkr. Megin skýringin á lakari afkomu er að tekjuáætlun félagsins er ekki að ganga eftir. Kemur þar bæði til niðurskurður grunnframlaga ásamt því að verkefna- og sértekjur stefna í að verða talsvert minni en ráð var fyrir gert.

Stjórnin lýsir áhyggjum vegna yfirvofandi tapreksturs og felur framkvæmdastjóra að grípa til allra tiltækra aðgerða til að draga úr og/eða fresta áfallandi verkefnakostnaði.

2. Rekstraráætlun 2010 – helstu verkefni og megin forsendur rekstrar

Farið yfir stöðu helstu verkefna sem félagið hefur unnið að undanfarið, en sumum þeirra mun ljúka á næsta ári og forsendur í öðrum breytast þannig að fjárhagsleg ábyrgð þeirra mun færast frá félaginu á aðra aðila, verði þeim fram haldið. Var framkvæmdastjóra falið að leggja fram áætlun um einstök verkefni fyrir næsta fund.

Farið yfir megin forsendur tekjuáætlunar næsta árs en veruleg óvissa er varðandi stóra þætti hennar sem munu m.a. ekki skýrast fyrir en fjárlögum hefur verið lokað. Einnig var lögð fram áætlun um grunnrekstur félagsins m.v. núverandi starfsmannafjölda án sértæks verkefnakostnaðar. Endurskoðuð áætlun byggð á verkefnaáætlun fyrir 2010 verður lögð fram á næsta fundi.

Undir þessum lið var sérstaklega rætt um nauðsyn þess að koma vinnu við gerð viðskiptaáætlunar fyrir - „Norðausturland ehf.“ - félag sem tæki að sér það kynningar- og markaðsstarf sem AP hefur rekið undanfarin ár, af stað sem fyrst. Var framkvæmdastjóra falið að koma þeirri vinnu í farveg þannig að slíkt félag gæti tekið til starfa sem fyrst á nýju ári.

3. Tilnefning fulltrúa í verkefnisstjórn skv. viljayfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, Norðurþings, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar

Formaður lagði fram greinargerð með tillögu sinni þess efnis að hann tæki sæti í verkefnisstjórninni. Fram komu athugasemdir við aðdraganda og málatilbúnað vegna tilnefningarinnar. Eftir nokkra umræðu kom fram tillaga um að framkvæmdastjóri tæki sæti í verkefnisstjórninni. Gengið var til atkvæða um framkomnar tillögur. Tillaga um að formaður verði tilnefndur hlaut tvö atkvæði en tillaga um að framkvæmdastjóri verði tilnefndur hlaut þrjú atkvæði.

4. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir bókaútgáfu sem tengist Snow Magic verkefninu sem félagið vann að á sínum tíma. Samþykkt að unnið verði að úrlausn málsins með öðrum málsaðilum en jafnframt verði gætt að réttarstöðu félagsins í hvívetna.
- Lögð fram drög frá iðnaðarráðuneytinu að nýjum vaxtarsamningi sem stefnt er að því að samræma á landsvísu. Megin breytingar frá núverandi samningi eru þær að ráðuneytið gerir ráð fyrir því að atvinnuþróunarfélögin skuli annast alla umsýslu og framkvæmd samninganna án þess



AP-09/10-4

að fá greiðslu fyrir. Hins vegar er miðstýring í skipan stjórna samninganna aukin frá því sem nú er. Þar sem Vaxtarsamningur Norðausturlands gildir út árið 2010 munu þessar breytingar, ef af verður, væntanlega ekki hafa áhrif hér fyrr en 2011. Engu að síður telur stjórnin mikilvægt að koma nú þegar á framfæri athugasemdum við sammingsdrögin, ekki síst í ljósi þess að félagið býr nú þegar við mjög skert grunnframlög til starfsemi sinnar. Fáist þau ekki leiðrétt er ekki unnt að ætlast til þess að það taki á sig frekari verkefni án þess að fyrir þau sé þá greitt.

- c) Rætt um setningu starfsreglna stjórnar skv. hlutafélagalögum. Framkvæmdastjóra falið að senda stjórnarmönnum drög að slíkum reglum.
- d) Farið yfir stöðu mála varðandi ráðstöfun eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram áætlun um ráðstöfun eignanna á næsta fundi í samræmi við umræðu á fundinum.
- e) Stefnt að næsta stjórnarfundi föstudaginn 11. desember n.k. kl. 13:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30